



Velferðarráð

Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun félags leigjenda hjá Félagsbústöðum

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands til meðferðar velferðarráðs:

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir stofnun félags leigjenda hjá Félagsbústöðum og tryggi fulltrúum þess áheyrnarsetu í stjórn Félagsbústaða.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samtök leigjenda gæta hagsmuna leigjenda á Íslandi, þar á meðal leigjendum Félagsbústaða. Á sama tíma á sér þó afar umfangsmikið samráð og samtal sér stað milli Félagsbústaða og leigjenda þeirra. Nú þegar eiga Félagsbústaðir íbúðir í um það bil hverjum einasta stigagangi í Reykjavík eða um 5% allra íbúða, hæsta hlutfall á höfuðborgarsvæðinu. Við ætlum að fjölga þeim íbúðum enn frekar. Þjónusta Félagsbústaða er góð en um leið má alltaf gera betur og mikilvægt að nýta tækifæri til meira samráðs við notendur þjónustunnar ef velferðarráð telur þörf á því.

Helga Björk Laxdal
e.u.